

HEIÐARVATN, MÝRDAL 1972

Hér fara á eftir helztu niðurstöður athugunar þeirrar, sem gerð var á Heiðarvatni í Mýrdal haustið 1972.

I Veiðiaðferðir - aflí.

Veitt var í tilraunasetasamstöðu nóttina milli 25. og 26. október 1972. Veður var NA kaldi og snjócoma. Vatnshiti var 4.3°C. Netin lágu í vatninu norðanverðu frá 1 1/2 til 4 m dýpis. Tafla 1 sýnir hvernig aflinn skiptist milli hinna ýmsu möskvastærða.

Tafla 1.

<u>fjöldi neta</u>	<u>möskvastærð (mm leggur) (omf./alin)</u>		<u>fjöldi fiska bleikja</u>	<u>fiska urriði</u>
1	52	12	0	1
1	45	14	7	0
1	40	16	5	2
1	35	18	7	3
1	32	20	6	3
1	29	22	122	3
1	26	24	11	0
2	21	30	5	9
		samtals	53	21

Skipting aflans milli neta bendir til þess að hlutfallslega mest sé af miðlungsstórum fiski.

Tafla 2 sýnir lengdardreifingu aflans, og sést þar m.a., að mjög lítið er af smárri bleikju.

Tafla 2. (sjá blað 2)

II Fiskistofnar

A: Bleikja.

Tafla III sýnir skiptingu milli kynja og hlutfall milli kynþroska og ókynþroska fisks í aflanum.

Tafla III. - skipting bleikju í kyn og hlutfall kynþroska fisks í aflanum.

	Allt fjöldi	%	kynþroska fjöldi	%
Hængar	31	58.5	14	54
Hrygnur	22	41.5	12	46
samtals	53		26	49

Hlutfall milli kynja er jafnt, og hérumbil helmingur aflans er kynþroska og mun hrygna í haust.

Á mynd I, sést aldurs og lengdardreifing bleikjunar. Brotna línan er höfð til viðmiðunar, og sýnir hún 5 cm árlegan meðalvöxt. Yngri fiskurinn hefur vaxið hratt, en flestir þeirra eldri hæggar að jafnaði. Annað hvort er hér um að ræða vaxtarstöðvun við ákveðna lengd eða þá að eldri fiskarnir hafa vaxið hæggar þegar þeir voru ungir. Ef svo er, þá þýðir það, að vaxtar-skilyrði hafi batnað í vatninu síðustu ár, og það er ýmislegt, sem styður það, og verður vikið að því síðar.

Allar bleikjunar voru óvenju feitar. Meðalþyngdarstuðull, K , (þyngd í g/lengd³ cm . 100) var 1.13 en $K \approx 0.9$ er eðlilegt fyrir bleikju.

Magi flestra fiskanna var útroðinn af kuðungi (*lymnaea* Sp.) og varð varla vart við önnur fæðudýr.

B: Urriði.

Miklu minna veiddist af urriða, og einungis tveir fiskar höfðu náð kynþroska. Tafla 4 sýnir útreiknaða lengd hvers árgangs í lok hvers vaxtarárs, og mynd II er línurit af því sama.

Tafla IV. sýnir lengd árganganna í lok hvers árs. Hér er reiknað með að ársvextinum 1972 hafi verið lokið við töku sýnis.

aldur	fjöldi fiska								
		1 1	1 2	1 3	1 4	1 5	1 6	1 7	1 8
3	7	3.6	11.7	18.7					
4	2	3.1	7.6	14.7	21.5				
5	2	5.7	11.4	14.9	22.5	32.0			
6	1	4.4	6.1	8.0	11.1	19.7	26.0		
7	4	3.8	6.7	10.6	13.4	16.5	22.6	31.0	
8	2	3.8	7.8	12.4	15.8	20.1	23.0	29.8	37.2

Þótt sýnin séu fá sést greinilega að vaxtarárin '71 og '72 hafa verið sérstaklega góð en '69 og '70 léleg. Fylling maganna var minni en hjá bleikjunni og einungis fundust tvær fæðutegundir, kuðungar og hornsíli. Þyngdarstuðull urriðans er eðlilegur $\bar{K}=1.05$, en $K=1.00$ er viðmiðunartala fyrir urriða.

III ýmsar upplýsingar

Landeigendur gefa þær upplýsingar að fyrir fáum árum (2-3 árum) hafi veiði verið lítil og það sem veiddist af bleikju hafi verið horað og ljótt. Í fyrirdrátt fékkst aðeins smáfiskur. En í sumar hafi brugðið svo við að veiði hafi batnað og jafnframt gæði fisksins, og nú sé vatnið líkara því sem var í gamla daga. Í þann tíð var veiði miklu meira stunduð bæði í lagnet og fyrirdrátt. Eins var dorgað í gegnum ís á veturna. Fékkst oft mikill afli. Veiðar á riðableikju hefðu verið stundaðar á tímabilinu desember og fram í febrúar.

Á þessum árum hefði verið fleira fólk á bæjum og því verið meiri mannaflí til að stunda veiði en nú er.

Lokaályktanir

Þar sem engin hrygna fannst með laus hrogn er ljóst að aðalhrygningartími bleikju í vatninu var enn ekki hafinn, og a.m.k. hálfan mánuð í viðbót þyrfti til að þroska hrognin til

fulls. Kemur þetta vel heim við þær upplýsingar, sem landeigendur hafa gefið.

Hugsanlegt er að bleikjustofn vatnsins hafi verið orðinn of þéttur árið 1969 og 1970. Tafla 4 og mynd II sýna svo ekki verður um villst, að lífskjör hinna einstöku fiska hafa verið mjög góð árin 1971 og 1972, miklu betri en svo, að hægt sé að skýra þau með betra tíðarfari o.s.frv.

Ekki er vitað til að neinar aðgerðir hafi verið gerðar er bæta skyldu kjör fiskstofnanna, svo sem mikil veiði, eða ætisgjöf.

Hlutfall hrygningarfisks í aflanum er svo hátt, að ég tel ekki að nýliðun bleikjustofnsins myndi minnka þótt veiði til heimilisnota yrði leyfð á núgildandi friðunartíma og mæli því með því að slíkt leyfi verði gefið. Hins vegar álít ég að rétt sé að friða ár og lækja þá, sem falla úr vatninu og í það, eins og áður hefur verið gert.

HEIÐARVATN, MÝRDAL

26/10 1972

Lengdar- og aldursdræifing á 36 bleikjum

LENGD

40 cm

35

30

25

20

15

10

5

— 5 cm / ÁRI

x = ÓKYNBROSKA BLEIKJA


o = KYNBROSKA — " —

ALDUR Í ÁRUM

MYNDI


A 4 210x297 mm

MADE IN GERMANY



HEIDARVATN MYRDAL 26/10 72

VAXTARLINURIT FYRIR ULRIÐA, 3, 4, 5, 6, 7 og 8 ára,
Fjöldi Fiska í SVIGA.



MYND II